

15. gr.

Þegar rætt er um fasteignamatsverð í gjaldskrá þessari er átt við fasteignamat það, sem öðlaðist gildi um áramótin 1971—1972.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 95 frá 11. apríl 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 20. nóvember 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

21. nóvember 1974.

Nr. 357.

REGLUGERÐ

um merkingu þorskfiskneta.

1. gr.

Allir netadrekar skulu greinilega merktir einkennisstöfum þeirra skipa, sem nota þá. Verði eigendaskipti á skipi og netaveiðarfærum eða eingöngu netaveiðarfærum, ber seljanda að afmá merki sín af netadrekunum og kaupanda að setja einkennisstafi síns skips í staðinn. Merki þessi skulu annað hvort vera höggvin í eða soðin á.

2. gr.

Allar netabaujur skulu merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Á flaggið skal mála einkennisstafi skipsins, sem notar netin. Auk þessa er heimilt að auðkenna flaggið með merki skipsins. Undir fyrrnefndu flaggi skal koma fyrir öðru flaggi þar sem á er málað númer hvernar netatrossu þannig, að allar netatrossur skipsins séu tölusettar frá einum og til þess fjölda, sem skipinu er heimilt að nota samkvæmt reglugerð nr. 51 frá 23. mars 1972 um verndun fiskimiða fyrir veiði með þorsknetum. Auk þessa skulu allir belgir greinilega merktir með einkennisstöfum þess skips, sem notar þá.

3. gr.

Skipstjóra skal skylt að merkja net sín þannig, að glöggst megi greina, hvor endi netatrossu sé austur- eða vesturendi og er þá miðað við réttvísandi norður- og suðurlínu. Skal merking framkvæmd á þann hátt, að á miðju baujustangar á vestari enda trossu skal komið fyrir netahring (flot), sem hæglega má losa og færa milli bauju. Leggi skip net sín á svæði þar sem togveiðar eru heimilar er skipstjóra skylt að auðkenna vestari enda netatrossa með hvítu blikkljósi.

4. gr.

Auk almenns eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum, geta sérstakir eftirlitsmenn sjávarútvegsráðuneytisins haft eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og skal skipstjóri veiðiskips gera eftirlitsmanni kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum skipsins, er hann telur nauðsynlegar, enda valdi eftirlitið sem minnstri truflun og óþægindum við veiðarnar.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og heimilt er að gera afla og veiðarfæri upptæk til ríkissjóðs. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og öðlast gildi 1. janúar 1975 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. nóvember 1974.

Matthías Bjarnason.

Dórður Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

fyrir bændaskólana á Hólum og Hvanneyri og fyrir framhaldsnám í búfræði á Hvanneyri.

A. BÚFRÆÐINÁM

I. KAFLI

Hlutverk bændaskólanna, skipulag og stjórn þeirra.

1. gr.

Tilgangur skólanna er að veita bændaeftum hagnýta þekkingu í búrekstri.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu rekin kennslu- og tilraunabú. Þar skulu gerðar tilraunir og athuganir í þágu landbúnaðarins.

3. gr.

Skólarnir heyra undir landbúnaðarráðuneytið, landbúnaðarráðherra hefur í hendi yfirstjórn þeirra og skólabúanna.

4. gr.

Ráðherra getur, eftir tillögum skólastjóra bændaskólanna, ákveðið verkaskiptingu milli skólanna í einstökum greinum, svo og ákveðið um eitt ár í senn, að einungis önnur deild þeirra starfi.

5. gr.

Heimilt er í samráði við landbúnaðarráðuneytið að halda námskeið á vegum bændaskólanna fyrir bændur og bændaefti, svo og fyrir aðra, sem starfa á sviði landbúnaðarins. Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu.

6. gr.

Skólarnir starfa í tveimur deildum, undirbúningsdeild og bændadeild. Heimilt er skólastjóra að skipta hverjum námsvetri í 2 námsannir. **Skólasetning skal fara fram eigi síðar en 15. október. Jólaleyfi er frá 21. desember til 4. janúar að báðum**